

Priðjudaginn 24. marz 1970.

Nr. 1/1969. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)
 gegn
Magnúsi Guðmundssyni
 (Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1969. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 21. ágúst 1968 gerðu aðiljar máls þessa svohljóðandi sátt: „Kristján Eiríksson hrl., Laugavegi 27, Reykjavík, lofar að greiða Magnúsi Guðmundssyni frá Skörðum, Fjölnisvegi 20, Reykjavík, kr. 480.889.00 þannig:

Hinn 1. október 1968 kr. 129.573.00, hinn 1. apríl 1969 kr. 117.105.33 auk 1% dráttarvaxta á mánuði af kr. 351.316.00 frá 1. okt. 1968 til 1. apríl 1969, hinn 1. okt. 1969 kr. 117.105.33 auk 1% dráttarvaxta á mán. af kr. 234.210.67 frá 1. apríl 1969 til 1. október 1969 og hinn 1. apríl 1970 kr. 117.105.34 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. október 1969 til 1. apríl 1970. Verði afborganir og/eða vextir ekki greiddir á ofangreindum gjalddögum eða bú Kristjáns Eiríkssonar hrl. tekið til gjaldþrotaskipta, eru eftirstöðvar skuldarinnar þá þegar í gjalddaga fallnar. Sátt þessi er aðfararhæf. Greiðslur fari fram á skrifstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar, hrl., Laufásvegi 12, Reykjavík“.

Áfrýjandi stóð eigi í skilum samkvæmt sátt þessari.

Með bréfi 18. nóvember 1968 til yfirborgarfégetans í Reykjavík krafðist Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður þess f. h. stefnda, að gert yrði fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar áðurgreindri skuld ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, tók fjárnámsbeiðnina til meðferðar í fégetadómi Reykjavíkur 5. desember 1968, sem skráður er háður á lögheimili áfrýjanda að Holtsgötu 23 hér í borg. Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður sótti þing af hendi stefnda, en áfrýjandi var eigi viðstaddur gerðina og enginn af hans hendi, og eigi var honum skipaður réttargæzlumaður. Í þingbók er skráð: „Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fégeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola Ránargötu 13, íbúð á 2. hæð að Holtsgötu 23, fasteigninni Bræðraborgarst. 29 og 1/3 hluta Þverholti 15. Ákv. er að senda gerðarþ. áb. bréf, þar sem ekki tekst að ná til hans. Fallið var frá virðingu. Fégeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Jónas Aðalsteinsson,

Rétti slitið.

Pétur Axel Jónsson ftr.

Vottar:

Pétur Þorsteinsson

Jóhanna Guðnadóttir“.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fégeta hafi orðið á stórfelld mistök við framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og hún hafi eigi farið fram að þeim hætti, sem bókað sé. Fégeti hafi eigi hafið gerðina á heimili áfrýjanda og alls eigi lokið henni þar. Aðeins einn vottur hafi verið við gerðina. Ekki hafi áfrýjanda verið skipaður réttargæzlumaður, svo sem skylt sá. Engin virðing hafi farið fram á hinum fjárnumdu eignum. Telur áfrýjandi, að fégeti hafi því eigi farið eftir ákvæðum 2. mgr. 2. gr., 19. gr., sbr. 1. mgr. 45. gr., 34. gr. laga nr. 19/1887 og 41. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi heldur því aftur á móti fram, að hin áfrýjaða fjár-

námsgerð hafi fram farið lögum samkvæmt og á engan hátt hafi verið hallað rétti áfrýjanda.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hafa fulltrúi yfirborgar-fógeta, sá sem fjárnámið framkvæmdi, og annar skráði votturinn við gerðina gefið skýrslur fyrir dómi.

Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hefur skýrt svo frá, að fjárnámsgerðin hafi verið framkvæmd á stiga-palli fyrir framan íbúðardyr áfrýjanda, en undirskriftir hafi farið fram „á skrifstofu embættisins að venju“. Aðeins annar votturinn, Pétur Þorsteinsson, hafi verið viðstaddur, þegar gerðin fór fram. Áður en gerðin fór fram, hafi verið reynt að hafa símasamband við áfrýjanda, en án árangurs. Ekkj hafi verið reynt að hafa samband við annan en áfrýjanda að Holtsgötu 23, enda hafi hann ekki „átt erindi við neinn annan“. Áður en farið var í fjárnámsgerðina, kveðst fulltrúinn hafa kynnt sér veðmálabækur borgarfógetaembættisins varðandi veðbönd á þeim eignum, sem fjárnám var gert í. Samkvæmt þeirri athugun hafi verið „fallið frá formlegri virðingu á eignunum“ og hann talið, að „ekki væru fleiri eignir teknar fjárnámi en nægja myndu til að fullnægja kröfum“ stefnda.

Votturinn Pétur Þorsteinsson kveður sig ráma í að hafa verið viðstaddur gerð þessa. „Hafi fógetafultrúinn bankað snögglega einu sinni eða tvisvar og taldi Kristján ekki heima“. Frekar man hann eigi eftir atvikum.

Eins og endurritið af fjárnámsgerðinni ber með sér og það, sem að framan er rakið, hefur fógeti eigi gætt sem skyldi þeirra lagareglna, sem honum bar að fara eftir við framkvæmd fjárnámsgerðarinnar. Eigi var nema einn vottur við fjárnámsgerðina, eignir voru eigi metnar til fjár, þótt fjárnám væri gert í fjórum fasteignum. Þá var áfrýjanda eigi skipaður maður til réttargæzlu.

Eru því slíkir misbrestir á framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, að ógilda ber hana, sbr. 2. mgr. 2. gr., 19. gr., sbr. 1. mgr. 45. gr., 23. gr. og 34. gr. laga nr. 19/1887.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.
 Stefndi, Magnús Guðmundsson, greiði áfrýjanda,
 Kristjáni Eiríkssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir
 Hæstarétti.

Þriðjudaginn 24. marz 1970.

Nr. 186/1969. **Örn Vilhelm Randrup Georgsson**
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 gegn
Tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f og
 (Páll S. Pálsson hrl.)
Tryggingarfélagið Ábyrgð h/f
 gegn
Erni Vilhelm Randrup Georgssyni
og til réttargæzlu
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m., og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að sök verði skipt og málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. október 1969 og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93.170.00 með 8% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags, máls-